

Birtist á Pressan.is, 27. janúar 2010.

Gjaldeyrishöftin mega ekki venjast

Jón Steinsson

Eitt af þeim örþrifaráðum sem stjórnvöld gripu til skömmu eftir hrun var að setja á gjaldeyrishöft. Þessi höft áttu að vera tímabundin ráðstöfun. Nú er hins vegar liðið meira en ár og lítið sem ekkert hefur þokast hvað það varðar að aflétta þessum höftum. Það sem meira er, það virðist vera útbreidd skoðun að þau séu óumflýjanleg og séu komin til að vera (sjá t.d. [þessa grein](#)).

Þessi skoðun byggist á hræðslu við botnlausum fjármagnsflóttu ef höftunum verður aflétt. Ég hef áður bent á það að stefna stjórnvalda í peningamálum og fjármálum mun ráða mestu um það hvort slíkur fjármagnsflótti brestur á ef höftunum er aflétt (sjá [þessa grein](#)). Með öðrum orðum, óttinn við ófarir ef höftunum er aflétt á ekki rétt á sér ef stjórnvöld fylgja staðfastri stefnu upp frá því.

En ótti og minnimáttarkennd á það til að grafa um sig þegar landinu er lokað. Og afleiðingarnar geta verið hörmulegar. Ég mæli með [nýlegum pistli](#) Hafsteins Gunnars Hauksonar á Deiglnni um reynslu Argentínumanna hvað þetta varðar.

Þess er skemmst að minnast að síðast þegar gripið var til þess að setja á gjaldeyrishöft á Íslandi liðu um 60 ár þar til þeim var aflétt. Við megum ekki láta þau venjast á ný.